

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 76/2021

frá 5. febrúar 2021

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1590 frá 19. ágúst 2020 um breytingu á I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2019/631 til að taka tillit til þróunar á massa nýrra léttra atvinnuökutækja sem skráð voru 2016, 2017 og 2018 ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 21az (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/631) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32020 R 1590:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1590 frá 19. ágúst 2020 (Stjtið. ESB L 360, 30.10.2020, bls. 8).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/1590, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 360, 30.10.2020, bls. 8.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING